

REGLUR

frumgreinadeildar Tækniháskóla Íslands.

Hlutverk.

1. gr.

Við Tækniháskóla Íslands starfar frumgreinadeild á framhaldsskólastigi samkvæmt sérstöðum samningi við menntamálaráðuneytið. Meginmarkmið deildarinnar er að tryggja verkmenntuðu fólki og fólki með starfsreynslu viðhlítandi undirbúning að námi í háskóladeildum skólans. Frumgreinadeild býður nemendum er ekki uppfylla lágmarksskilyrði til inngöngu í háskólann allt að tveggja ára undirbúningsnám. Ljúki nemandi viðeigandi prófum úr frumgreinadeild á hann rétt til inngöngu í háskóladeildir Tækniháskólans, í samræmi við inntöku-skilyrði einstakra námsbrauta.

Stjórnskipulag.

2. gr.

Stjórnskipulega heyrir deildin undir embætti rektors sem ræður deildarstjóra til þriggja ára í senn. Stjórnun deildarinnar er falin deildarstjóra, fagráði, deildarráði og deildarfundi eftir því sem nánar er tilgreint í reglum þessum. Deildarstjóri hefur, í umboði rektors, yfirumsjón með kennslu, prófum og annarri starfsemi deildarinnar. Hann hefur umsjón með mati á umsóknum um inngöngu í deildina í samráði við deildarforseta háskóladeilda.

Deildarstjóri hefur á hendi stjórnun deildarinnar. Hann skipuleggur og skráir vinnu kennara, leiðbeinenda og gestafyrirlesara og hefur umsjón með þátttöku kennara í stjórnun deildarinnar. Hann hefur á hendi samræmingu og endurskoðun námsefnis í deild sinni og gerð náms- og kennsluskrár. Deildarstjóri leggur drög að fjárhagsáætlun deildarinnar fyrir rektor og hefur, í umboði rektors, yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildarinnar.

Deildarstjóra til ráðgjafar er fagráð, þar sem deildarstjóri er formaður. Í fagráði eiga sæti, auk deildarstjóra, tveir fulltrúar kennara úr frumgreinadeild kosnir á deildarfundi til tveggja ára í senn, einn fulltrúi nemenda úr háskóladeild sem verið hefur nemandi í frumgreinadeild kjörinn til eins árs í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans og þrír fulltrúar háskóladeilda skólans: einn úr tæknideild, einn úr heilbrigðisdeild og einn úr rekstrardeild tilnefndir til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarráði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði deildarstjóra. Fagráð er stefnumótandi og ákvarðandi um starf deildarinnar hvað varðar námsgreinar og námsskipulag. Fagráð skal með ákvörðunum sínum vinna að því meginmarkmiði frumgreinadeildar að búa nemandur undir nám í háskóladeildum skólans. Ákvarðanir fagráðs skal leggja fyrir rektor til samþykktar.

Við frumgreinadeild starfar deildarráð sem er skipað til eins árs í senn. Í deildarráði eiga sæti deildarstjóri sem jafnframt er formaður, kennarar sem eru umsjónarmenn námsgreina og einn nemandi kjörinn í samræmi við reglur nemendafélags skólans. Deildarráð skilgreinir námskröfur, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi, mótar náms- og kennsluskrá fyrir deildina og reglur um inntöku nemenda og val á umsjónarmönnum námsgreina. Deildarráð fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist. Deildarráð hefur samvinnu við háskóladeildir og yfirstjórn háskólans. Deildarráð fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni. Deildarstjóri gerir rektor grein fyrir samþykktum deildarráðs og leitar samþykkis hans eftir því sem við á. Deildarráð fundar að lágmarki einu sinni í mánuði á starfstíma skólans.

Deildarfundir í frumgreinadeild skulu haldnir a.m.k. einu sinni á önn. Deildarfundi sitja allir kennarar við deildina sem kenna a.m.k. einn áfanga og einn nemandi frá hverri bekkjar-

deild. Á deildarfundum, sem er umræðuvettvangur deildarinnar, er fjallað um allt er lýtur að kennslu, svo sem aðferðir og kennslugögn.

Rektor staðfestir, með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í apríl ár hvert, dagatal, náms- og kennsluskrá frumgreinadeildar fyrir komandi skólaár. Í námskrá er kveðið á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins. Í kennsluskrá er m.a. gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati.

Kennarar.

3. gr.

Þeir einir geta orðið fastráðnir kennarar frumgreinadeildar sem lokið hafa hið minnsta BA- eða BSc-prófi. Rektor ræður kennara en deildarstjóra er heimilt, í umboði rektors, að ráða stundakennara. Kennarar frumgreinadeildar eru starfsmenn Tækniháskóla Íslands, ráðnir sem frumgreinadeildarkennarar. Kennarar frumgreinadeildar heyra því ekki undir lög um háskóla þar sem kveðið er á um hæfnismat til að gegna stöðu háskólakennara.

Rektor er heimilt að veita ótímabundið ráðnum kennurum frumgreinadeildar leyfi um allt að eins árs skeið á föstum launum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um það hvernig umsækjandi hyggst verja leyfinu til að auka þekkingu sína. Leita skal umsagnar deildarráðs varðandi umsóknir kennara um leyfi. Leyfisveitingar skulu miðast við fjárveitingar skólans og gildandi kjarasamninga. Vinnuhópur sem rektor skipar setur reglur um námsleyfi frumgreinadeildarkennara.

Inngönguskilyrði nemenda.

4. gr.

Eftirtaldir geta fengið inngöngu í frumgreinadeild:

1. Þeir sem lokið hafa skilgreindu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi úr iðn-, verkmennta-, fjölbrautaskóla eða sambærilegu námi, geta hafið nám á 2. önn. Ekki er gerð krafa um sveinspróf.
2. Þeir sem lokið hafa skilgreindu starfsnámi og viðbótarnámi (sbr. auglýsingu menntamálaráðuneytisins nr. 371/2001) geta hafið nám á 3. önn frumgreinadeildar hafi þeir eftirfarandi bóklegar einingar til viðbótar við starfsnámið: 3 einingar í íslensku, ensku og dönsku, 6 einingar í stærðfræði, þ.e. stæ 203 og stæ 303, 3 einingar í eðlisfræði, þ.e. eðl 103, 3 einingar í efnafræði, þ.e. efn 103 og 3 einingar í þýsku, þ.e. þýs 103, skv. lýsingu á þessum áföngum í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999.
3. Þeir sem náð hafa 20 ára aldri og hafa allt að tveggja ára starfsreynslu sem viðkomandi háskóladeild metur. Það er háð fjölda bóklegra eininga inn á hvaða önn slíkir umsækjendur raðast.
4. Stúdentar sem þurfa viðbótarnám samkvæmt kröfum háskóladeilda.

Skrásetningargjald skal ákvarða af rektor, greiða í síðasta lagi 10. júlí fyrir þá sem hefja nám að hausti og fyrir 15. nóvember fyrir þá sem hefja nám um áramót. Þeir nemendur sem ekki greiða á gjalddaga hafa ekki rétt til skólavistar.

Kennsla.

5. gr.

Skólaárið telst frá 1. ágúst ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Kennsluárið skiptist í tvær kennsluannir, haustönn og vorönn. Á hvorri önn skulu vera 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Próftímabil skal að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvær vikur og skal miða að því að starfsvikur á hvorri önn verði sem næst 17. Haustönn skal ljúka í síðasta lagi 21. desember og vorönn hefjast í fyrsta lagi 4. janúar. Engin kennsla fer fram 1. desember, á helgidögum Þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum frídagum.

Próf.

6. gr.

Próf eru haldin í lok hvorrar annar. Deildin getur sett sérstakar reglur um próf á öðrum tíma. Sjúkra- og endurtekningarpóf skulu haldin á tímabilinu 4. til 15. janúar vegna haustannar og fyrir 1. júní vegna vorannar. Próftími í skriflegum prófum skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir. Deildin hefur heimild til að setja sínar eigin reglur um sjúkra- og endurtekningarpróf í samráði við prófstjóra. Þó skulu slík próf haldin á þeim tíma sem kveðið er á um í prófareglum THÍ.

Prófstjóri Tækniháskólans er að öllu jöfnu prófstjóri frumgreinadeildar. Hann starfar í umboði rektors og annast undirbúning og framkvæmd skriflegra prófa í samráði við deildarstjóra. Hann birtir nemendum og kennurum dagskrá prófa í upplýsingakerfi skólans. Endanleg dagskrá prófa skal birt eigi síðar en 5 vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst.

Kennarar annast gerð og yfirferð prófa. Próf eru ýmist munnleg, skrifleg eða verkleg.

Skráning í áfanga gildir sem skráning í próf, sem haldið er að áfanganum loknum, þar sem það á við. Nemandi sem ætlar ekki að þreyta próf í áfanga sem hann hefur skráð sig í, verður að segja sig úr viðkomandi áfanga eigi síðar en 4 vikum fyrir upphaf próftímabils. Síðasta úrsagnardag úr prófum á hvorri önn skal birta í almanaki skólans. Nemandi sem segir sig úr prófi fær ekki að þreyta prófið á upptökutímabili þeirrar annar.

Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda skal tilkynna forföll til skrifstofu skólans áður en próf hefst eða meðan á prófi stendur. Læknisvottorði skal skila til skrifstofu skólans eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa þreytt prófið. Sama gildir ef um veikindi barns nemanda er að ræða.

Nemandi sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þá ekki heimilt að skrá sig í endurtekningarpóf. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en 4 vikum fyrir prófdag.

Við munnleg og verkleg lokapróf er heimilt að skipa prófdómara. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar. Rektor skipar prófdómara að fengnum tillögum deildarinnar.

Lokaeinkunnir áfanga skulu liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum eftir próftöku. Niðurstöður sjúkra- og endurtekningarprófa skulu liggja fyrir eigi síðar en 4 dögum eftir próftöku.

Nemandi á rétt á að sjá mat úrlausnar sinnar á skriflegu prófi og fá útskýringar kennara á prófsýningu deildarinnar sem haldin er innan þriggja daga frá birtingu allra einkunna og auglýst er á heimasíðu skólans. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, eigi una mati kennara getur hann snúið sér til deildarstjóra innan 4 vikna frá birtingu einkunna og óskað eftir mati prófdómara. Skipa skal prófdómara í hverju tilviki fyrir sig. Einnig getur meirihluti nemenda í áfanga óskað eftir skipun prófdómara í einstöku prófi og skal það þá gert, sé það nægjanlega rökstutt að mati deildarráðs og rektors.

Prófstjóri skal birta prófreglur og viðurlög við brotum á þeim.

Starfsmenn á skrifstofu háskólans sjá um færslu lokaeinkunna og varðveislu þeirra. Þeir sjá einnig um að birta nemendum lokaeinkunnir. Að liðnum tveimur árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

Námsmat.

7. gr.

Lokaeinkunn í hverjum áfanga er yfirleitt vegið meðaltal starfseinkunnar og prófseinkunnar. Hlutfall starfseinkunnar í hverjum áfanga er tilgreint í áfangalýsingu. Í upphafi annar gera kennarar nemendum grein fyrir því hvernig starfseinkunn verður til í viðkomandi áfanga. Eftirfarandi atriði eru m.a. tekin til greina þegar gefin er starfseinkunn:

- a) Skrifleg eða munnleg próf sem ýmist eru tilkynnt fyrirfram eða ekki.
- b) Frammistaða í kennslustundum sem m.a. er könnuð fyrirvaralaust með skriflegu verkefni/prófi. Almennt gildir að þar hafa bestu 2/3 hlutar úrlausna áhrif í námsmati.

- c) Úrlausnir heimaverkefna, t.d. heimadæmi, heimildaritgerð.
- d) Erindaflutningur.
- e) Stafsetning, ræður og ritgerðir.
- f) Framsögn í íslensku og erlendum tungumálum.
- g) Frammistaða í verklegum æfingum og skýrslur.

Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Til að standast próf í áfanga þarf lágmarkseinkunn 5,0. Ekki er reiknuð meðaleinkunn. Nám metið frá öðrum skólum er auðkennt með bókstafnum M og nafni viðkomandi skóla. Til þess að nemandi fái nám frá öðrum skólum metið skal hann að öðru jöfnu hafa lokið prófi í hliðstæðum áfanga með lágmarks-einkunnina 7,0.

Nemanda er heimilt að þreyta próf þrívægis í sama áfanga.

Almennt skilyrði fyrir próftökurétti er að nemandi hafi staðið skil á verkefnum með viðunandi árangri samkvæmt ákvörðun kennara. Í eðlisfræði og efnafræði er 100% þátttöku-skylda í verklegum æfingum og skil á viðunandi skýrslum skilyrði þess að mega fara í próf.

Nemandi í fullu námi lýkur 45 einingum á tveimur önnum og 93 einingum á fjórum önnum. Hámarksnámsstími til að ljúka fyrstu tveim önnum, þ.e. 45 eininga námi, er 3 annir. Hámarksnámsstími til að ljúka öllum 4 önnunum, þ.e. 93 eininga námi, er 6 annir. Nemandi sem lýkur 93 eininga námi útskrifast með raungreinadeildarpróf. Deildin getur, ef sérstakar ástæður liggja til þess, heimilað framlengingu námsstíma umfram þessi mörk.

Í áföngum þar sem starfseinkunn er hluti loka-einkunnar fær nemandi einkunnina 0 hafi hann ekki staðið skil á tilskildum verkefnum. Hann telst þá hafa notað einn próftökurétt og á ekki rétt á að þreyta endurtektarpróf á þeirri önn.

Námshengi.

8. gr.

Nemandi má ekki hefja nám að fullu á næstu önn ef hann á ólokið meira en 6 einingum undanfarandi annar. Ef 7 til 9 einingum er ólokið getur deildarstjóri heimilað þátttöku að hluta á önn, þó ekki í áfanga þar sem einkunn í undanfara er lægri en 4,0. Slík heimild er bundin því skilyrði að nemandi taki próf í óloknum námsáföngum á næsta reglulega próftíma. Sé fleiri en 9 einingum ólokið er nemanda óheimilt að setjast á næstu önn. Í sérstökum tilfellum getur deildarstjóri heimilað undantekningar.

Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli reglna um Tækniháskóla Íslands frá 22. nóvember 2002. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 30. maí 2003.

Tækniháskóla Íslands, 30. maí 2003.

Stefanía Katrín Karlsdóttir.

Stefán Pétur Eggertsson.

Sigríður Snæbjörnsdóttir.

Haraldur Auðunsson.

Ingunn Sæmundsdóttir.

Ágúst Kristján Steinarrsson.